

Samfélagsfræði 8. bekkur

Kennari: Þuríður Lilja Valtýsdóttir
Kennslustundir: 4 stundir á viku í samkenndu með 8. bekk

Námsefni:
Grunnefni: Ég og samfélagið
Annað: Fjölbreytt verkefni frá kennara og verkefni í Kötlumíxi

Námsaðlögun: Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávík er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Námsflokkur	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Vinnulag samfélagsgreina	Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina. Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt. Geta vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna. Geta spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum. Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.	Þeir þættir sem koma ekki fyrir í bókinni Ég og samfélagið verða teknir fyrir í Kötlumíxi	Kaflapróf Annarpróf Kynningar Mat á vinnubrögðum Ritgerðarsmíð Sjálfsmat nemenda Virgni í einstaklings- og hópavinnu

	Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.		
Sjálfsmynd	Geta útskýrt hvernig sjálfsmyndin mótask af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum. Geta gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði. Geta þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta. Geta rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska. Geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfspekkingar. Geta borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar. Geta fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.		

	Geta beitt hugtökum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd. Geta gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.		
Siðferði og trú	Geta borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði. Geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins. Geta túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heimsins. Geta útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.		
Borgaravitund	Geta útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur. Geta þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi		

	mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu. Geti greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga. Geta útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi. Geta útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag. Geta skilið að skatt- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi. Geta ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi. Geta bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni. Geta áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.		
Saga	Geta gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna		

	og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum. Geta útskýrt og borið saman hluverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum. Geta sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðapróunar. Geta útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar. Geta sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar. Geta útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótagast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum, viljaverkum og tilviljunum. Geta sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.		
Jörðin okkar	Geta greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum.		

	Geta greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks. Geta varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi. Geta varpað ljósi á neyslusamfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis. Geta útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni. Geta sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni. Geta varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðasamfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.		
--	--	--	--

Skipulag kennslunnar

Kennari leggur inn efni og fer yfir og ræður nýtt efni með nemendum.

Í hverri viku fá nemendur vikuáætlun sem á að klára í kennslustundum. Ekki er gefið sérstakt heimanám, en þeir nemendur sem komast ekki yfir vikuáætlun í skólanum þurfa að klára þeirri vinnu heima eða gefst tækifæri til að leysa því eftir skóla undir eftirliti kennarans ákveðna daga vikunnar.

Nemendur eru hvattir til að vinna sameiginlega að lausnum verkefna og vinna stundum með ákveðið viðfangsefni í skipulagðri hópavinnu.

Námsmat

Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor.

Matstæki kennara eru t.d. kannanir, kynningar, vinnubrögð, ritgerðarsmíð, sjálfsmat nemenda og virkni í einstaklings- og hópavinnu.

Einkunnir eru gefnar í bókstöfum og umsögnum.

Námsáætlun 8.bekkur 2025 - 2026:

Dagssetningar	Viðfangsefni	Annað
25. – 29. ágúst	Ég og samfélagið 1. kafli + verkefni	
1. – 5. sept	Ég og samfélagið 1. kafli + verkefni	
8. – 12. Sept.	Ég og samfélagið 2. kafli + verkefni	
15. – 19. sept	Ég og samfélagið 2. kafli + verkefni	
22. – 26.sept Erasmus+	Ég og samfélagið 3. kafli + verkefni	
29.sept. – 3.okt.	Ég og samfélagið 3. kafli + verkefni	
6. - 10. Okt. Kennaraping Regnboginn	Ég og samfélagið 4. kafli + verkefni	
13. - 17.okt. Dansvika	Ég og samfélagið 4. kafli + verkefni	
20. – 24.okt. Foreldradagur	Ég og samfélagið 5. kafli + verkefni	
27. – 31.okt Hrekjavaka	Ég og samfélagið 5. kafli + verkefni	
3. – 7.nóv. Starfsdagur (mán)	Ég og samfélagið 6. kafli + verkefni	
10. – 14.nóv. Kaffihúskvöld	Ég og samfélagið 6. kafli + verkefni	
17. – 21. nóv	Ég og samfélagið 7. kafli + verkefni	
24. – 28.nóv. Eldvarnarvika	Ég og samfélagið 7. kafli + verkefni	
1. – 5.des	Ég og samfélagið 8. kafli + verkefni	
8. – 12.des	Ég og samfélagið 8. kafli + verkefni	
15. - 18.des	Jóladagskrá	